



Ungmennaráð Hrunamannahrepps

7. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn þriðjudaginn 1. apríl 2025 kl. 18:00 í Huppusal í Félagsheimili Hrunamannahrepps.

- Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir formaður, Íris Birna Árnadóttir aðalmaður, Ingunn Lilja Arnórsdóttir aðalmaður og Sara Nadía Gunnarsdóttir aðalmaður.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason starfsmaður Ungmennaráðs sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Kynning og umræður um aðgerðaráætlun vegna verkefnisins Barnvænt sveitarfélag

- a. Kolbrún Haraldsdóttir kom á fund Ungmennaráðs og kynnir aðgerðir sem komu út úr vinnu á innleiðingunni. Fræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélagsins mun fara fram á næstu misserum. Nú hefst tímabil þar sem aðgerðir fara fram, ungmennaráð mun taka þátt í barnaþingi sem haldið er annað hvert ár. Farið yfir mikilvægi þátttöku barna og ungmenna í ákvörðunum í málefnum er varða börn.
- b. Ungmennaráð tekur undir að mikilvægt sé að stuðla að aukinni lýðræðisvitund barna og mikilvægi þess að börn viti hvert ber að beina ábendingum um hagsmuni barna og ungmenna.

2. Heilsuvikan – Laugardagur 6. september 2025

- a. Ungmennaráð vill halda „Fjölskyldu íþróttaskemmtun“ og mun formaður hafa samband við Umsjónarmann íþróttamannvirkja og óska eftir að fá íþróttahúsið milli 13:00 – 15:00.
 - i. Ungmennaráð mun setja upp fjölbreyttar íþróttagreinar og aðstoða áhugasama þátttakendur. Sem sagt setja upp ýmsar stöðvar t.d. borðtennis, kaðla, hástökk, pílu, blak o.s.frv.
 - ii. Gaman væri að bjóða upp á hressingu í lok tímans (kex og ávexti).

Fundi slitið kl. 19:03